

43. fundur stjórnar Vesturlandsskóga haldinn í Hvannahúsinu 24. september 2010.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson; Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst 13.15

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
 2. Skógræktarstefna. Umsögn Vesturlandsskóga.
 3. Athugasemdir Vesturlandsskóga við fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu fyrir Borgarbyggð, þar sem frestur til athugasemda rennur út 11. október.
 4. Guðmundur segir frá Skotlandsferð.
 5. Aðalfundur LSE í Reykholti 8. – 10. október. Beiðni um stuðning Vesturlandsskóga (kostun á rútu(m) frá Reykholti í Skorradal og tilbaka).
 6. Fjárlög ársins 2011, fjárhagsstaða um miðjan september 2010.
 7. Önnur mál.
1. Fundargerð 41. stjórnarfundar var lesin og samþykkt án athugasemda.
 2. Umsögn Vesturlandsskóga um drög að stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands í skógrækt. Fyrir fundinum lá sameiginleg umsögn frá Stjórn Landssamtaka skógareigenda og félögum skógarbænda á Austurlandi, Suðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi. Samþykkt var að Sigvaldi taki saman athugasemdir og sendi á stjórnarmenn. Athugasemdir þurfa að vera komnar til nefndarinnar fyrir 7. október.
 3. Athugasemdir Vesturlandsskóga við fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu fyrir Borgarbyggð. Sigvaldi lagði fram athugasemdir, sem hann hefur gert við aðalskipulagið, er varða skógrækt. Samþykkt var að Sigvaldi færi betur yfir tillögurnar og sendi síðan til stjórnarmanna. Samþykkt var að óska eftir fundi með umhverfis- og skipulagsnefnd Borgarbyggðar um aðalskipulagstillöguna.
 4. Guðmundur Sigurðsson sagði frá Skotlandsferð, sem hann fór í á vegum Grænni skóga, daganna 16. til 23. ágúst sl. Vesturlandsskógar styrktu Guðmund til fararinnar.
 5. Aðalfundur LSE verður í Reykholti daganna 8. – 10. október. Beiðni hefur komið frá Félagi skógarbænda á Vesturlandi um stuðning Vesturlandsskóga við kostun á rútu frá Reykholti í Skorradal í tengslum við fundinn. Samþykkt var að verða við beiðninni.
 6. Á árinu 2010 var ráðstöfunarfé Vesturlandsskóga 60.5 millj. kr. Áætlað var að 4 millj. kr. yrði varið vegna girðingaframkvæmda á Skógarströnd á þessu ári. Úr því verður ekki og var samþykkt að kaupa plöntur fyrir þessar 4 millj. til nota á næsta ári. Skerðing á fjárframlögum til Vesturlandsskóga fyrir árið 2011 er 9 %.
 7. Önnur mál. Guðbrandur lagði til að hafa stjórnarfundir á ákveðnum tímum. Samþykkt var að stefna á, að stjórnarfundir verði annan hvern mánuð og síðasta fimmtudag þess mánaðar. Næsti fundur yrði því 25. nóv. Guðbrandur benti á, að skv. skýrslu ríkisendurskoðunnar, um reikninga Vesturlandsskóga 2009, vanti eignaskrá og að stöður einstakra viðskiptamanna séu óuppgerðar. Sigvalda var falið að skoða málið.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.40.